

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

Nr. 10

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

11. árgangur

26.2.2004

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2004/EES/10/01		Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 4/2003/SC frá 4. desember 2003 um skipan bráðabirgðanefndar um fjármagnskerfi EES	1
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2004/EES/10/02		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. og 63. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól – Framlenging á viðbótartryggingavernd vegna tjóns þriðja aðila af völdum hernaðaraðgerða og hryðjuverka („styrjaldartrygging“) í því skyni að styðja íslensk flugfélög.	2
2004/EES/10/03		Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. og 63. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól – Framlenging á viðbótartryggingavernd vegna tjóns þriðja aðila af völdum hernaðaraðgerða og hryðjuverka („styrjaldartrygging“) í því skyni að styðja flugfélög og flugvelli í Noregi.	3
2004/EES/10/04		Viðmiðunarfjárhæðir á sviði opinberra innkaupa sem gilda frá 1. janúar 2004.	4
2004/EES/10/05		Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum.	5
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2004/EES/10/06		Dómur dómstólsins frá 12. desember 2003 í máli E-1/03: Eftirlitsstofnun EFTA gegn lýðveldinu Íslandi	6
2004/EES/10/07		Dómur dómstólsins frá 12. desember 2003 í máli E-2/03: Ákærvaldið gegn Ásgeiri Loga Ásgeirssyni, Axel Pétri Ásgeirssyni og Helga Má Reynissyni	7
2004/EES/10/08		Kæra sem Eftirlitsstofnun EFTA lagði fram á hendur norska ríkinu 19. desember 2003 (Mál E-4/03)	8

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

2004/EES/10/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3330 – Bertelsmann/Métropole Télévision (M6))	9
2004/EES/10/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3372 – Carlsberg/Holsten).	10
2004/EES/10/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3376 – Dillinger Hüttenwerke/Saarstahl/Cokerie de Carling).	11
2004/EES/10/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3393 – Metro/Adler)	12
2004/EES/10/13	Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.1378 – Hoechst/Rhône-Poulenc)	13
2004/EES/10/14	Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3210 – EDF/EDFT).	13
2004/EES/10/15	Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3326 – LNM/PHS)	14
2004/EES/10/16	Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3353 – Banque Populaire/DZ Bank/VR Factorem)	14
2004/EES/10/17	Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3362 – RBS/BSCH/Britax)	15
2004/EES/10/18	Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3363 – Santander/Doncasters)	15
2004/EES/10/19	Afturkölluð tilkynning um samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3364 – ONO/Hidrocantábrico/Retecal)	16

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna
nr. 4/2003/SC

2004/EES/10/01

frá 4. desember 2003

um skipan bráðabirgðanefndar um fjármagnskerfi EES

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR,

að teknu tilliti til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „EES-samningurinn“,

að teknu tilliti til samningsins um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjaland, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, er nefnist hér á eftir „samningurinn um stækkun EES“,

að teknu tilliti til bókunar 38a um fjármagnskerfi EES, sem bættist við EES-samninginn samkvæmt ákvæðum samningsins um stækkun EES,

að teknu tilliti til samnings konungsríkisins Noregs og Evrópuandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2004–2009,

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Skipuð skal bráðabirgðanefnd um fjármagnskerfi EES, er nefnist hér á eftir „bráðabirgðanefndin“, og skal hún hefja störf eins fljótt og við verður komið.

2. Hlutverk bráðabirgðanefndarinnar er að aðstoða EFTA-ríkin við undirbúning að rekstri fjármagnskerfis EES fyrir árin 2004–2009.
3. Bráðabirgðanefndin heyrir undir fastanefndina.
4. Bráðabirgðanefndinni er heimilt að leita aðstoðar sendiráða EES-EFTA-ríkjanna gagnvart Evrópusambandinu.
5. Nefnd um fjármagnskerfi EES tekur við störfum bráðabirgðanefndarinnar sama dag og samningurinn um stækkun EES öðlast gildi.
6. Bráðabirgðanefndin skal einnig vega og meta samhæfingu og samþættingu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins.
7. Bráðabirgðanefndin kys sér formann og skal fastanefndin staðfesta skipan hans.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2003

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Prins Nikulás af Liechtenstein
formaður

William Rossier
frankvæmdastjóri

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. og 63. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókkunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

2004/EES/10/02

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum.

Ákvörðun samþykkt hinn:	3. desember 2003
EFTA-ríki:	Ísland
Aðstoð nr.:	SAM 030.02.007
Fyrirsögn:	Framlenging á viðbótartryggingavernd vegna tjóns þriðja aðila af völdum hernaðaraðgerða og hryðjuverka („styrjaldartrygging“) í því skyni að styðja íslensk flugfélög
Markmið:	Að viðhalda fullnægjandi tryggingavernd fyrir loftför skráð á Íslandi í kjölfar óvenjulegra atburða (b-liður 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins)
Lagaheimild:	Lög frá Alþingi nr. 120/2001, 156/2001, 5/2002 og 26/2002 um heimild ríkissjóðs til þess tímabundið að takast á hendur tryggingu eða endurtryggingu á bótaábyrgð sem flugrekendur kunna að baka sér gagnvart þriðja aðila vegna tjóns er hlýst af notkun loftfars vegna hernaðaraðgerða, hryðjuverka eða áþekkra atvika; endurtryggingasamningur við einkarekið tryggingafélag
Tegund aðstoðar:	Ábyrgð/endurtrygging
Fjárveiting:	100 % endurtrygging í mynd viðbótartryggingar („styrjaldartryggingar“) umfram 50/150 milljónir bandaríkjadala og allt að 700/600 milljónum bandaríkjadala fyrir hvert tjón eða heildartjón á tryggingartímanum; þóknun innheimt með iðgjaldi
Tímabil:	1. júní 2002–31. ágúst 2002

Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. og 63. gr. EES-samningsins
og 3. mgr. 1. gr. í I. hluta bókanar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól

2004/EES/10/03

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum.

Ákvörðun samþykkt hinn:	3. desember 2003
EFTA-ríki:	Noregur
Aðstoð nr.:	SAM 030.02.008
Fyrirsögn:	Framlenging á viðbótartryggingavernd vegna tjóns þriðja aðila af völdum hernaðaraðgerða og hryðjuverka („styrjaldartrygging“) í því skyni að styðja flugfélög og flugvelli í Noregi
Markmið:	Að viðhalda fullnægjandi tryggingavernd fyrir loftför skráð í Noregi í kjölfar óvenjulegra atburða (b-liður 2. mgr. 61. gr. EES-samningsins)
Lagaheimild:	Samþykkt þjóðþingsins á stjórnarfrumvörpum St. prp. nr. 103 (2000–2001), St. prp. nr. 27 (2001–2002) og St. prp. nr. 83 (2001–2002) um heimild norsku ríkisstjórnarinnar til að bjóða „styrjaldartryggingar“; tryggingarskírteini með ríkisábyrgð
Tegund aðstoðar:	Ábyrgð/trygging
Fjárveiting:	Endurtrygging í mynd viðbótartryggingar („styrjaldartryggingar“) umfram 50/150 milljónir bandaríkjadala og allt að 750 milljónum/1 milljarði bandaríkjadala fyrir hvert tjón eða heildartjón á tryggingartímanum; þóknun innheimt með iðgjaldi
Tímabil:	1. júní 2002–30. júní 2002

Viðmiðunarfjárhæðir á sviði opinberra innkaupa sem gilda frá 1. janúar 2004

2004/EES/10/04

1. Eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðir gilda frá 1. janúar 2004 um opinbera vörukaupasamninga samkvæmt gerðinni sem um getur í 3. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 93/36/EBE), með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn:

	200 000 evrur	750 000 evrur	154 014 evrur	236 945 evrur
			(130 000 SDR)	(200 000 SDR)
Íslenskar krónur	17 430 000	65 362 500	13 422 320	20 649 757
Svissneskir frankar (Liechtenstein)	296 000	1 110 000	227 941	350 679
Norskar krónur	1 542 000	5 782 500	1 187 448	1 826 846

2. Eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðir gilda frá 1. janúar 2004 um opinbera verksamninga samkvæmt gerðinni sem um getur í 2. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 93/37/EBE), með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn:

	1 000 000 evrur	5 000 000 evrur	5 923 624 evrur
			(5 000 000 SDR)
Íslenskar krónur	87 150 000	435 750 000	516 243 832
Svissneskir frankar (Liechtenstein)	1 480 000	7 400 000	8 766 964
Norskar krónur	7 710 000	38 550 000	45 671 141

3. Eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðir gilda frá 1. janúar 2004 um opinbera þjónustusamninga samkvæmt gerðinni sem um getur í lið 5b í XVI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 92/50/EBE), með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn:

	80 000 evrur	750 000 evrur	200 000 evrur	154 014 evrur	236 945 evrur
				(130 000 SDR)	(200 000 SDR)
Íslenskar krónur	6 972 000	65 362 500	17 430 000	13 422 320	20 649 757
Svissneskir frankar (Liechtenstein)	118 400	1 110 100	296 000	227 941	350 679
Norskar krónur	616 800	5 782 500	1 542 000	1 187 448	1 826 846

4. Eftirfarandi viðmiðunarfjárhæðir gilda frá 1. janúar 2004 um vörukaupasamninga, þjónustusamninga og verksamninga á sviði vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipta samkvæmt gerðinni sem um getur í 4. lið XVI. viðauka við EES-samninginn (tilskipun ráðsins 93/38/EBE), með áorðnum breytingum samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/1999 frá 16. júlí 1999 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn:

	400 000 evrur	600 000 evrur	750 000 evrur	1 000 000 evrur	5 000 000 evrur	473 890 evrur	5 923 624 evrur
						(400 000 SDR)	(5 000 000 SDR)
Íslenskar krónur	34 860 000	52 290 000	65 362 500	87 150 000	435 750 000	41 299 514	516 243 832
Svissneskir frankar (Liechtenstein)	592 000	888 000	1 110 000	1 480 000	7 400 000	701 358	8 766 964
Norskar krónur	3 084 000	4 626 000	5 782 500	7 710 000	38 550 000	3 653 692	45 671 141

**Ákvarðanir aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi
samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi
til handa flugfélögum**

2004/EES/10/05

NOREGUR

Afturkölluð flugrekstrarleyfi

*B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með þeim takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr.
reglugerðar nr. 2407/92*

Heiti flugfélags	Aðsetur flugfélags	Ákvörðun í gildi frá
Arctic Air AS	Wiullsgate 3 NO-9900 Kirkenes	17.11.2003

Veitt flugrekstrarleyfi

*B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með þeim takmörkunum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr.
reglugerðar nr. 2407/92*

Heiti flugfélags	Aðsetur flugfélags	Ákvörðun í gildi frá
Helikopter Utleie AS	Postboks 122 NO-6781 STRYN	25.9.2003

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Dómur dómstólsins

2004/EES/10/06

frá 12. desember 2003

í máli E-1/03:

Eftirlitsstofnun EFTA gegn lýðveldinu Íslandi

*(Vanræksla samningsaðila á því að standa við skuldbindingar sínar – frjáls þjónustuviðskipti –
hærri skattur í millilandaflugi á EES en í innanlandsflugi)*

Hinn 12. desember 2003 felldi dómstóllinn dóm í máli E-2/03, Eftirlitsstofnun EFTA gegn lýðveldinu Íslandi – Krafa um að dómstóllinn lýsi því yfir að með því að hafa í gildi lög nr. 31 frá 27. mars 1987 um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, sem mæla fyrir um hærri skatt á flug frá Íslandi til annarra EES-ríkja en innanlandsflug og flug til Grænlands og Færeyja, hafi lýðveldið Ísland vanrækt að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Per Tresselt (framsögumaður) og Þorgeir Örlygsson. Dómsorðin eru svofellð:

1. Dómstóllinn lýsir því yfir að með því að hafa í gildi lög nr. 31 frá 27. mars 1987 um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, sem mæla fyrir um hærri skatt á hvern farþega í flugi frá Íslandi til annarra EES-ríkja en á hvern farþega í innanlandsflugi hafi lýðveldið Ísland vanrækt að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins.

2. Lýðveldinu Íslandi ber að greiða málskostnað.

Dómur dómstólsins**2004/EES/10/07****frá 12. desember 2003****í máli E-2/03:****Ákærvaldið**

gegn

Ásgeiri Loga Ásgeirssyni, Axel Pétri Ásgeirssyni og Helga Má Reynissyni

(Lögsaga – málssóknarréttur – fiskafurðir – bókun 9 við EES-samninginn – upprunareglur – bókun 4 við EES-samninginn – fríverslunarsamningur milli EBE og Íslands)

Hinn 12. desember 2003 felldi dómstóllinn dóm í máli E-2/03, Ákærvaldið gegn Ásgeiri Loga Ásgeirssyni, Axel Pétri Ásgeirssyni og Helga Má Reynissyni – Beiðni Héraðsdóms Reykjaness um ráðgefandi álit dómstólsins varðandi túlkun á upprunareglum, sem gilda um viðskipti með fisk, í bókunum 4 og 9 við EES-samninginn og bókunum 3 og 6 við fríverslunarsamning milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands frá 22. júlí 1972. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher (framsögumaður), forseti, Per Tresselt og Þorgeir Örlygsson. Dómsorðin eru svofelld:

1. Hugtakið „viðskiptakjör“ í 7. gr. bókunar 9 við EES-samninginn og viðbæti 3 við hana nær ekki til upprunareglna fríverslunarsamningsins milli Efnahagsbandalags Evrópu og Lýðveldisins Íslands sem undirritaður var 22. júlí 1972. Því ber að beita upprunareglum bókunar 4 við EES-samninginn.

2. Þíðing, hausun, flökun, beinhreinsun, snyrting, söltun og pökkun á heilfrystum fiski, sem var fluttur inn á EES, getur ekki talist nægileg aðvinnsla í skilningi bókunar 4 við EES-samninginn til þess að varan geti talist upprunnin á EES.

Kæra sem Eftirlitsstofnun EFTA lagði fram á hendur norska ríkinu 19. desember 2003 2004/EES/10/08
(Mál E-4/03)

Hinn 19. desember 2003 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram kæru á hendur norska ríkinu fyrir EFTA-dómstólnum. Lögmenn sóknaraðila eru Niels Fenger, framkvæmdastjóri, og Arne Torsten Andersen, fulltrúi í laga- og framkvæmdaskrifstofu, í umboði Eftirlitsstofnunar EFTA, 74, Rue de Trèves, B-1040 Brussel/Bruxelles.

Kröfur sóknaraðila eru að dómstóllinn:

1. lýsi yfir því að með því að setja reglugerð frá 28. ágúst 1998 nr. 853 um gerðarviðurkenningu spilavéla (*forskrift av 28. august 1998 nr. 853 um typegodkjenning af gevinstautomater*) án þess að senda Eftirlitsstofnun EFTA tilkynningu um drög að reglugerðinni, hafi norska ríkið vanrækt skyldur sínar samkvæmt 8. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XIX. kafla II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða, með áorðnum breytingum og með aðlögunarákvæðum sem er að finna í bókun 1 við EES-samninginn; og
2. dæmi norska ríkið til greiðslu málskostnaðar.

Lagarök til stuðnings kærinni

- Samkvæmt 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða, með áorðnum breytingum, („gerðarinnar“) er Norðmönnum skylt að koma þegar á framfæri við Eftirlitsstofnun EFTA öllum drögum að tæknilegum reglugerðum.
- Samkvæmt 9. gr. gerðarinnar er EFTA-ríkjunum skylt að fresta setningu tæknilegra reglugerða þar til þrjú mánuðir eru liðnir frá því að þær voru tilkynntar eftirlitsstofnuninni, að fráteknum sérstökum tilvikum sem um getur í 8. gr. gerðarinnar.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3330 – Bertelsmann/Métropole Télévision (M6))

2004/EES/10/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 13. febrúar 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem lúxemborgska fyrirtækið RTL Group SA (RTL), sem hið þýska Bertelsmann AG (Bertelsmann) ræður, öðlast án aðgerða að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar yfir franska fyrirtækinu Métropole Télévision (M6) við sölu Suez SA á hlutabréfum í M6.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - RTL: ólæstar sjónvarpssendingar, framleiðsla sjónvarpsefnis, útvarpssendingar og margmiðlun
 - Bertelsmann: bóka- og tímaritaútgáfa, tónlist, sjónvarp og skyld fjölmiðlastarfsemi
 - M6: hljóð- og myndframleiðsla og -útsendingar, m.a. ólæstar sjónvarpssendingar í jarðstöðvakerfi sem nær til alls Frakklands
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma á framfæri hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 49, 25. febrúar 2004). Athugasemdir, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3330 – Bertelsmann/Métropole Télévision (M6), má senda með símbreffi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3372 – Carlsberg/Holsten)**

2004/EES/10/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. febrúar 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem danska fyrirtækið Carlsberg Breweries A/S (Carlsberg) öðlast að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Holsten-Brauerei AG (Holsten) með yfirtökuboði sem var tilkynnt 20. janúar 2004.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Carlsberg: framleiðsla, sala, markaðsfærsla og dreifing á bjór og gosdrykkjum um allan heim
 - Holsten: framleiðsla, sala, markaðsfærsla og dreifing á bjór, gosdrykkjum og flöskuvatni, einkum í Þýskalandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma á framfæri hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 48, 24. febrúar 2004). Athugasemdir, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3372 – Carlsberg/Holsten, má senda með símbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3376 – Dillinger Hüttenwerke/Saarstahl/Cokerie de Carling)

2004/EES/10/11

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. febrúar 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið ROGESA Roheisengesellschaft Saar mbH (ROGESA), sem þýsku fyrirtækin Aktiengesellschaft der Dillinger Hüttenwerke (DH) og Saarstahl AG (SAG) ráða, öðlast með eignakaupum yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir franska fyrirtækinu Cokerie de Carling (Carling) sem tilheyrir hinu franska Houllières du Bassin de Lorraine.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - DH: stál, einkum ,quarto'-blikkplötur
 - SAG: langir stálbitar
 - ROGESA: steypujárn
 - Carling: koks
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽³⁾.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma á framfæri hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 48, 24. febrúar 2004). Athugasemdir, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3376 – Dillinger Hüttenwerke/Saarstahl/Cokerie de Carling, má senda með símbrefi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3393 – Metro/Adler)**

2004/EES/10/12

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. febrúar 2004 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 ⁽²⁾, um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Metro AG (Metro), sem þýska Metro-samsteypan ræður, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir þýska fyrirtækinu Adler GmbH (Adler).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Metro: verslar með dagvöru í smásölu og heildsölu, rekur birgðaverslanir („cash and carry“), birgðaverslanir aðrar en matvöruverslanir og vöruhús
 - Adler: verslar með fatnað í smásölu, einkum í Þýskalandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 ⁽³⁾.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma á framfæri hugsanlegum athugasemdum sínum um fyrirhugaða samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 51, 26. febrúar 2004). Athugasemdir, með tilvísun til máls nr. COMP/M.3393 – Metro/Adler, má senda með simbréfi (faxnr. (32) 22 96 43 01 / 22 96 72 44) eða í pósti á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.1378 – Hoechst/Rhône-Poulenc)****2004/EES/10/13**

Framkvæmdastjórnin ákvað 30. janúar 2004 að breyta ákvörðun sem tekin hafði verið samkvæmt 2. mgr. 6. gr. hinn 9. ágúst 1999. Framkvæmdastjórnin ákvað að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdest sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld þau viðskiptaleyndarmál sem í henni er að finna. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 399M1378. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3210 – EDF/EDFT)****2004/EES/10/14**

Framkvæmdastjórnin ákvað 26. ágúst 2003 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdest sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á frönsku og verður birt eftir að brott hafa verið felld þau viðskiptaleyndarmál sem í henni er að finna. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CFR“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 303M3210. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3326 – LNM/PHS)**

2004/EES/10/15

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. febrúar 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld þau viðskiptaleyndarmál sem í henni er að finna. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfufu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 304M3326. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3353 – Banque Populaire/DZ Bank/VR Factorem)**

2004/EES/10/16

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. febrúar 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld þau viðskiptaleyndarmál sem í henni er að finna. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfufu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 304M3353. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3362 – RBS/BSCH/Britax)**

2004/EES/10/17

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. febrúar 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld þau viðskiptaleyndarmál sem í henni er að finna. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfú á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 304M3362. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Engin andmæli við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3363 – Santander/Doncasters)**

2004/EES/10/18

Framkvæmdastjórnin ákvað 4. febrúar 2004 að hreyfa ekki andmælum við framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist sameiginlega markaðnum. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að brott hafa verið felld þau viðskiptaleyndarmál sem í henni er að finna. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgáfú á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu CELEX-gagnagrunnsins undir skjalanúmeri 304M3363. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins.

Frekari upplýsingar um áskrift fást hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations
2, rue Mercier
L-2985 Luxembourg
Sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09

**Afturkölluð tilkynning um samfylkingu fyrirtækja
(mál nr. COMP/M.3364 – ONO/Hidrocantábrico/Retecal)**

2004/EES/10/19

Framkvæmdastjórninni barst 9. febrúar 2004 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækjanna Grupo Corporativo ONO, SA, Hidroeléctrica del Cantábrico, SA, og Retecal Sociedad Operadora de Telecomunicaciones de Castilla y León, SA. Tilkynnendur afturkölluðu tilkynninguna með tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar 16. febrúar 2004.